

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um truflanir á fjarskiptum vegna raflína.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvar á landinu koma fram truflanir á fjarskiptum vegna virkra rafgirðinga (landsvæði eða býli)?
2. Í hve mörgum tilfellum koma truflanirnar fram vegna veikra fjarskiptasendinga?
3. Í hve mörgum tilfellum koma fram truflanir vegna legu strengjanna, staðsetningar á jarðskautum rafgirðinganna eða styrks viðnámsins? Sundurliðun óskast.
4. Hvernig hagar Landssíminn upplýsingum til bænda um legu jarðstrengja?
5. Hvernig koma truflanir vegna rafgirðinga fram í fjarskiptum gegnum símstrengi, hvaða óþægindum valda truflanirnar í daglegum samskiptum fólks og atvinnu?
6. Verða íbúar þeirra svæða/býla sem búa við truflanir á fjarskiptasendingum fyrir auknum útgjöldum vegna þessa?
7. Hvernig eru fjarskiptalagnir sem lagðar eru um lönd bænda varðar (skermaðar)?
8. Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til að koma í veg fyrir áframhaldandi truflanir á fjarskiptum gegnum símalínur?

Skriflegt svar óskast.